

11

1. febr.

L Ö G

um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

1. Afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Áss í Garðahreppi.
2. Þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyrar í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.
3. Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar að vesturhorni Engidals, þaðan meðfram Álftanesveginum að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Langholts og land það milli Arnarnes- og Hraunholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.
4. Jarðirnar Krisuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.

2. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram eftir 1.—3. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins. Ennfremur greiði kaupstaðurinn til einstakra manna skaðabætur fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, ef ríkissjóður selur kaupstaðnum landið, en ella greiði ríkissjóður þessar skaðabætur, ef landið verður leigt kaupstaðnum. Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarheit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvortveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skal landamerki milli aðilja um leið og þeim er afhent landið.

Skaðabætur samkv. upphafi þessarar greinar, svo og bætur fyrir eignarnám jarðanna Krisuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja

manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra.

11
1. febr.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

4. gr.

Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt að því er snertir 1.—3. tölu-lið 1. gr., og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lög-sagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um búreikningaskrifstofu ríkisins.

12
1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.